

Skinney-Pinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

25. júní 2026, Reykjavík
UOS-3802

Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Skinney-Pinganes hf.

Vísað er til umsóknar Skinney-Pinganes hf., kt. 480169-2989, um endurnýjun á starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju þeirra á Höfn í Hornafirði, dags. 16. desember 2025, og samskipta Umhverfis- og orkustofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 16. mars sl.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar 12. júní til og með 19. júní sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins er til 30. júní 2026. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 30. júní 2027.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um framlengingu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur